

um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

Sá var eflaust tilgangurinn með lögunum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, að auka og efla sjálfsábúð í landinu, en engan veginn að gera jarðir þessar að leigujörðum í höndum einstakra jarðeigenda. Þegar jarðirnar ganga úr sjálfsábúð, teljum vjer að sala jarðanna hafi ekki náð tilgangi sínum, því eitt af tvennu teljum vjer álitlegast: sjálfsábúð eða að jarðir sjeu opinberar eignir. Tilgangur frumvarps þessa, sá að gera jarðirnar aftur að landssjóðseignum, er þær ganga úr sjálfsábúð er að voru álitu fyllilega rjettmætur (og jafnvel eigi eingöngu þessar jarðir heldur jarðir yfirleitt, er einstakir menn eiga), nema svo standi á, að jarðirnar gangi að eins úr sjálfseign um stundarsakir, t. d. meðan börn eigenda eru á unga aldri en öll líkindi til þess að eitthvert þeirra hefji búskap á jörðinni.

Hinsveggar virðist oss að þessu muni verða mjög torvelt að hrinda í framkvæmd, án þess að koma í bága við gildandi lög eða að landssjóður skaðist stórlega. Ákvæðin í 2. gr. frv., er lúta að því að jarðeigendur sjeu skyldir að selja landssjóði jarðir sínar eftir mati, teljum vjer að komi ótvirætt í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Þau geta og eflaust við og við orðið jarðeiganda til stórskaða. Sje aftur matinu slept, eru öll líkindi til þess, að verðinu sje hleypt svo upp, að landssjóður hljóti allajafna, ef ekki nálega ætíð, að hafna kauparjetti sínum. Lögin næðu þá ekki tilgangi sínum og yrðu gagnslaus. Vjer sjáum oss því eigi fært að mæla með því að deildin samþykki frv. þetta, og oss hafa ekki hugkvæmst þær endurbætur á því er gætu ráðið fram úr vandkvæðunum.

Nú er það og haft fyrir augum í frv. þessu, að útlendingar geti ekki umsvifalaust eignast hjer fasteignir, jarðarítök eða veiðirjett og jafnvel stofnað sjálfstæði landsins í hættu á þann hátt, en þessa eru mörg dæmi erlendis. Þó lítt

hafi þetta að tjóni orðið, enn sem komið er, þá virðist oss rjett að sjá ráð við þessu í tíma, enda hefir Alþingi hvað eftir annað haft mál þetta til meðferðar (1879, 1893, 1899 og 1901) og jafnvel samþykkt lög í þessa átt (1899); þá hefir og landbúnaðarnefndin 1877 hallast á sömu sveif. Það hefir komið fram við meðferð málsins á þingi, að margs er að gæta við slíka lagasmið og teljum vjer því rjettara að stjórnin undirbúi málið og leggi fyrir næsta Alþingi frv. í þessa átt. Munum vjer flytja þingsályktunartillögu þess efnis.

Alþingi, 26. júlí 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,  
formaður.

Guðm. Hannesson,  
ritari.

Hjörtur Snorrason.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.

Björn Hallsson.

Jóhann Eyjólfsson.

#### Frá minni hlutanum.

Eins og framanritað álit meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar í málinu um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þingskjal 45) ber með sjer, þá leggur hann til að frumvarpið sje felt.

Aðal-ástæðan fyrir þessari ályktun virðist vera sú, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins komi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Styður meiri hlutinn sig þar við álit lögfræðinga í þessu efni. Hins vegar telur nefndin, meiri hluti hennar, að undanþága frá því að hlíta matsverði á jörðum, er landssjóði eru boðnar, leiði til þess, að tilgangi laganna sje með öllu spilt. — Jafnvel þó að þessi ótti sje ekki með öllu ástæðulaus, þá get jeg þó ekki betur sjeð, en að lög um þetta efni yrðu að gagni, þó að því ákvæði væri bætt aftan við aðra grein, að seljanda væri heimilt að sæta hærra boði í jörðina en matsverðinu nemur, ef landsstjórnin ekki vill sinna því verði. Ákvæði svipuð þessu eru í lögnum um forkaupsrjett leiguliða o. fl. frá 20. okt. 1905 (samanb. 1. gr. þeirra), og hafa lög þau þó orðið að góðu liði.

Jeg verð að álíta, að frumvarp þetta um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum fari alveg í rjetta átt, enda viðurkennir og meiri hlutinn það. Og jafnvel þó að frumvarpið, verði það að lögum með þeirri viðaukabreytingu við 2. gr., er jeg ætla að koma fram með, fyrirbyggi ekki zð öllu leyti það, að einstaka jörð, sem landssjóði kynni að verða boðin, lendi í höndum kaupbrallara, vegna þess, að þeir byðu hærra verð í jörðina en landsstjórnin sæi sjer fært að sinna, þá hygg jeg samt að lögin gerðu mikið gagn. — Fyrir því legg jeg til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri viðaukabreytingu, er hjer fer á eftir.

#### VIÐAUKATILLAGA

við frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þingskjal 45).

Aftan við 2. gr. bætist:

Þó er seljanda heimilt, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

Sigurður Sigurðsson.